

Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga

12. fundur í samstarfsnefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn að Langanesvegi 2, mánudaginn 7. febrúar 2022, kl. 16:00.

Mætt voru: Frá Langanesbyggð; Þorsteinn Ægir Egilsson formaður, Siggeir Stefánsson og Miriam Blekkenhorst. Frá Svalbarðshreppi; Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður, Sigríður Jóhannesdóttir og Ragnar Skúlason. Einnig sátu fundinn Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar, Róbert Ragnarsson ráðgjafi, Freyja Siggeirsdóttir í fjárfundarsambandi og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

Formaður setti fund og kynnti dagskrá.

1. Brothættar byggðir, Betri Bakkafjörður, framhald umræðu.
2. Atvinnu- og nýsköpunarmál, framhald umræðu.
3. Framtíðarsýn varðandi stjórnskipulag.
4. Önnur mál – ef tími gefst til
 - a) Samtal við ríkið
 - b) Ráðstöfun fjárframlags úr Jöfnunarsjóði

Fundargerð

1. Brothættar byggðir, Betri Bakkafjörður, framhald umræðu.

Í texta um atvinnumál sem sendur var út er kafla um Brothættar byggðir og Betri Bakkafjörð.

2. Atvinnu- og nýsköpunarmál, framhald umræðu.

Rætt um framsetningu texta úr niðurstöðu hvers málaflökks. Fundamenn lesa yfir textann um atvinnu og nýsköpunarmál og koma með athugasemdir. Róbert, Freyju og Birni falið að setja saman texta úr því efni sem kynnt var á fundinu undir atvinnu- og nýsköpunarmál. Framlagðir punktar frá fundarmönnum verða vinnuskjal við gerð texta.

3. Framtíðarsýn varðandi stjórnskipulag.

Lagt fram minnisblað um hugsanlegt stjórnskipulag ásamt skipuriti og verkaskiptingu innan stjórnsýslunnar. Rætt nánar um fjölda nefnda og verkaskipting innan núverandi nefnda, hugsanlega fjölgun nefnda kosti/galla og færslu verkefna á milli nefnda. Minnisblað verður endurskoðað miðað við umræður á fundinum.

4. Önnur mál – ef tími gefst til

- a) Samtal við ríkið
- b) Ráðstöfun fjárframlags úr Jöfnunarsjóði

5. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 14. febrúar kl. 16:00

Fundi slitið kl. 17:30